



# Öryggismál á skemmti- stöðum og við þá

Tillögur starfshóps



11. maí 2010

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
1. Staða mála .....	4
2. Tillögur .....	9
Fylgiskjöl .....	12

## Inngangur

Á fundi mannréttindaráðs 8. apríl 2010 var samþykkt tillaga þess efnis að kalla aftur saman starfshóp um öryggismál á og við skemmtistaði sem var skipaður í desember 2007 og skilaði skýrslu til mannréttindaráðs 24. júní 2008. Hópurinn var kallaður saman til að leggja mat á stöðu og þróun mála frá því að hann lauk störfum. Þar sem ofbeldismálum fjölgar mjög yfir sumartímann var hópurinn jafnframt kallaður saman til þess að skipuleggja fyrirbyggjandi aðgerðir fyrir sumarið.


Þrír fundir voru haldnir og einnig skipst á upplýsingum með rafrænum hætti.

Í starfshópnum áttu sæti Björn Gíslason formaður hópsins, úr mannréttindaráði, Felix Bergsson úr mannréttindaráði, Eyrún Jónsdóttir verkefnisstjóri frá Neyðarmóttöku vegna nauðgunarmála, Rafn M. Jónsson, verkefnisstjóri á Lýðheilsustöð, Svanhvít E. Ingólfisdóttir lögreglufulltrúi í kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, og Ófeigur Friðriksson frá Félagi kráareiganda. Einnig mætti Kormákur Geirharðsson á tvo fundi. Með hópnum starfaði Halldóra Gunnarsdóttir, mannréttindaskrifstofu.

## 1. Staða mála


Hér er í stuttu máli gerð grein fyrir stöðu mála hvað snertir ofbeldi sem tengist skemmtanalífi í miðborginni. Upplýsingarnar eru fengnar frá slysa- og bráðadeild Landspítala Háskólasjúkrahúss, úr rannsókn Þorgerðar Ragnarsdóttur, úr rannsókn Agnesar Gísladóttur og frá Neyðarmóttöku nauðgana.

Á mynd 1 má sjá fjölda karla og kvenna sem koma á slysa og bráðadeild Landspítala eftir að hafa orðið fyrir ofbeldi á skemmti- og útivistarsvæðum. Skemmtistaðir teljast vera skemmtisvæði og miðbærinn telst vera útivistarsvæði. Eins og sjá má eru karlmenn í miklum meirihluta en komum þeirra fer samt fækkandi þegar horft er til síðustu þriggja ára. Komum kvenna fer hins vegar fjölgandi.



Mynd 1. Fjöldi koma kvenna og karla á slysa- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss vegna ofbeldis á skemmtisvæðum og útivistarsvæðum.

Eins og mynd 2 sýnir þá eru komur langflestar vegna ofbeldis á skemmti- og útivistarsvæðum árið 2009 þegar á heildina er litið. Þegar kynin er skoðuð hvert fyrir sig koma karlar oftast vegna ofbeldis á skemmti- og útivistarsvæðum (537 komur) en konur koma oftast vegna ofbeldis á heimili (181 koma).



Mynd 2. Komur vegna ofbeldis á slysa- og bráðadeild 2009.

Í rannsókn sem byggð var á gögnum frá lögreglunni og á skýrslum slysa- og bráðadeildar Landspítala háskólasjúkrahúss var skoðaður heildarfjöldi koma á deildina ákveðnar matsnætur árin 1999, 2000, og síðan 2007 og 2008 eftir að opnunartíminn var gefinn frjálfs.<sup>1</sup> Þar kemur fram að komum fjölgar en álag er jafnara eftir að veitingatíminn var gefinn frjálfs. Komur á slysa- og bráðadeild virðast vera í hámarki milli 3 og 4 á nóttunni.

**Tafla 1. Komur á slysa- og bráðadeild ákveðnar matsnætur 1999, 2000, 2007 og 2008.**

Komur á slysa- og bráðadeild		
Ár	Fjöldi	Úr miðbæ
1999	97	
2000	127	
2007	186	98
2008	186	89

Í rannsókn Agnesar Gísladóttur á tíðni og einkenni kynferðisofbeldis gegn konum sem leituðu til Neyðarmóttöku Landspítala-háskólasjúkrahúss fyrir þolendur kynferðisofbeldis, frá 1998 til 2007 kemur eftirtalið fram.<sup>2</sup>

- ✓ Á tímabilinu hefur konum sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi fjölgað úr 12,5 í tæplega 17 fyrir hverjar 10.000 konur á aldrinum 13-49 ára.
- ✓ Á tímabilinu hefur konum sem hafa orðið fyrir alvarlegu kynferðisofbeldi/nauðgunum fjölgað úr 12,5 í 24 fyrir hverjar 10.000 konur á aldrinum 18–25 ára.
- ✓ Nauðgunum þar sem fleiri en einn gerandi komu við sögu jukust úr tæplega 13,7% (1998-2003) í 19,0% (2003-2007).
- ✓ Hlutfall erlendra gerenda hækkaði ekki umfram fjölgun 15-49 ára karlmanna á Íslandi með erlent ríkisfang.

Agnes Gísladóttir telur ekki ljóst hvort kynferðisofbeldi hafi aukist á þessum tímabili eða hvort hærra hlutfall kvenna sæki sér aðstoð nú en áður. Hún telur það hins vegar ljóst að kynferðisofbeldi gegn ungum konum sé verulegt lýðheilsuvandamál hérlendis. Nauðsynlegt sé bæði að stuðla að öflugu forvarnarstarfi ásamt þjónustu við þolendur.

Í töflu 2 má sjá upplýsingar um fjölda koma á Neyðarmóttöku vegna nauðgana frá 2006 til og með 2009. Eftir nokkra fækkun árið 2008 hafa komur aftur aukist og voru 130 árið 2009.


<sup>1</sup> Þorgerður Ragnarsdóttir (2009): Nætur göltur, áfengi og óhöpp um helgar í Reykjavík? Erindi flutt á morgunverðarfundum Lýðheilsustöðvar og slysavarnarráðs á Grand Hótel í Reykjavík 11. nóv. 2009 undir yfirskriftinni Áfengi – slys – ofbeldi.

<sup>2</sup> Upplýsingar úr Morgunblaðinu 22. janúar 2010 (Fréttaskýring Silja Björk Huldudóttir) um meistaraþrófsritgerð Agnesar Gísladóttur og úr fyrirlestri Agnesar Gísladóttur í Háskóla Íslands dags. 22. janúar 2010.

Tafla 2. Komur á Neyðarmóttöku vegna nauðgana frá 2006 til og með 2009.

Komur á Neyðarmóttöku nauðgana 2006-2009 <sup>3</sup>	
Ár	Fjöldi
2006	145
2007	136
2008	118
2009	130


Greining Agnesar Gísladóttur á gögnum Neyðarmóttökunnar sýna að 12% nauðgana eiga sér stað á skemmtistað, í miðbæ eða á útihátíð. Algengasti vettvangurinn er heimili geranda.



Mynd 3. Staðsetning nauðgana.

Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarmóttöku nauðgana þá fjölgaði nauðgunum inni á skemmtistöðum á árinu 2009. Þær voru 6 árið 2008 en 14 árið 2009, sjá mynd 2 sem sýnir fjölda nauðgana inni á skemmtistöðum frá 2005 til og með 2009. Árið 2009 voru komur á neyðarmóttöku vegna nauðgana á skemmtistöðum 14 þar af voru 4 á sama veitingastaðnum.

<sup>3</sup> Upplýsingar úr þingskjali 274-173. mál. Upplýsingar fyrir árið 2009 eru úr gögnum Neyðarmóttöku vegna nauðgana.



**Mynd 4. Fjöldi nauðgana á skemmtistöðum 2005 til og með 2009.**


Tafla 3 sýnir fjölda nauðgana eða nauðgunartilrauna á og við skemmtistaði, og utandyra frá 2005 til og með 2009. Fjöldinn í Reykjavík er tilgreindur í sviga. Af fjölda utandyra annars staðar en við skemmtistaði er tilgreint í sviga fjöldinn í miðborginni. Upplýsingarnar eru frá Neyðarmóttöku nauðgana. Á árinu 2009 voru einnig skráðar níu nauðganir á hótelum í Reykjavík.

**Tafla 3. Nauðganir eða nauðgunartilraunir á skemmtistöðum, við skemmtistaði og annars staðar utandyra.**

Staðsetning/Ár	2005	2006	2007	2008	2009
Skemmtistaður utandyra	2	1	3 (Þar af ein í Rvk.)	1 (Þar af ein í Rvk.)	3 (Allar í Rvk.)
Skemmtistaður innandyra	7 (Þar af 3 í Rvk.)	9 (Þar af 7 í Rvk.)	7 (Þar af 5 í Rvk.)	11 (Þar af 8 í Rvk.)	14 (Allar í Rvk.)
Utandyra	11 (Þar af 8 í miðborg Rvk.)	14 (Þar af 3 í miðborg Rvk.)	9 (Þar af 3 í miðborg Rvk.)	8 (Þar af 3 í miðborg Rvk.)	3 (Þar af 3 í miðborg Rvk.)

Miðað við upplýsingar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu<sup>4</sup> þá virðist þróun mála vera í þá átt að manndrápum, líkamsmeiðingum og kynferðisafbrotum sé að fækka á samkomustöðum í miðborginni. Lögreglan setur þó þann fyrirvara á að ekki séu öll brot tilkynnt til lögreglu og að kynferðisbrot séu þau sem eru síst tilkynnt samkvæmt þolendakönnunum. Myndin sýnir fjölda ofbeldisbrota miðað við 26. apríl 2007-2010.

<sup>4</sup> Samantekt lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, upplýsinga og áætlanaeild dags 26. apríl 2010. Sjá nánar fylgiskjal 2.



**Mynd 5. Fjöldi kynferðisbrota og ofbeldisbrota sem áttu sér stað á samkomustöðum í miðborg miðað við stöðu mála þann 26. apríl ár hvert.**

## 2. Tillögur

Hópurinn leggur fram eftirfarandi tíu tillögur byggðar á stöðu mála og þeim leiðum sem hafa reynst vel í öðrum borgum.

### Tillaga 1.

Lögreglusamþykkt borgarinnar sé breytt á þann veg að lögð verði áhersla á ábyrgð rekstaraðila á öryggi gesta og eflingu starfsfólks í því að gera skemmtanalíf öruggara. Þessu er hægt að ná fram með því að breyta 26. grein samþykktarinnar. Skrifstofu borgarlögmans/borgarstjórnar verði falið að yfirfara tillöguna með tilliti til þess hvort hún standist ákvæði laga um lögreglusamþykktir nr. 36/1988.

#### Greinin er svona:

26. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu, skal sjá um að allt fari þar vel fram og starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

#### Greinin gæti verið svona:

26. gr.

Hver sá sem rekur veitinga- eða gististað, kvikmyndahús, leikhús eða annað samkomuhús eða heldur almenna skemmtun eða sýningu skal tryggja öryggi gesta og sjá til þess að starfsemin valdi ekki nágrönnum eða vegfarendum ónæði.

Slík starfsemi skal háð sérstöku eftirliti lögreglu og er henni heimilt að fara um samkomusali og önnur húsakynni sem gestir eiga aðgang að.

Þeir sem reka veitingahús í flokki III<sup>5</sup> sbr. skilgreiningu í 4. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og eru opin lengur en til kl. tvö að nóttu sjái til þess að starfsfólk sæki námskeið um leiðir til ábyrgara og öruggara skemmtanalífs þar sem m.a. eru kenndar forvarnir vegna kynferðisafbrotu og annars ofbeldis á og við skemmtistaði.

Á öllum gististöðum skal haldin nákvæm gestaskrá.

### Tillaga 2:

Námskeið fyrir dyraverði á veitingastöðum í flokki III verði haldin strax.

Lýðheilsustöð býðst til að halda námskeiðin en þar hefur verið unnið kennsluefni fyrir starfsfólk skemmtistaða. Við það efni þarf að bæta upplýsingum um kynferðislegt ofbeldi og bann við mismunun. Eyrún Jónsdóttir verkefnastjóri Neyðarmóttöku vegna nauðgana hefur tekið að sér að vinna efni um kynferðislegt ofbeldi og mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar um bann við mismunun. Lögreglan á Höfuðborgarsvæðinu kenni viðbrögð við erfiðum aðstæðum. Reykjavíkurborg taki að sér, í samvinnu við ríkislögreglustjóra, að

---

<sup>5</sup> Umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er hávær tónlist og/eða afgreiðslutími er lengri en til kl. 23 og kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.

skipuleggja námskeiðin og senda rekstraraðilum bréf um námskeiðin sem eru þeim sem þau sækja að kostnaðarlausu. Bréf til rekstaraðila um námskeið verði send út á 6 mánaða fresti. Jafnframt verði afhentar upplýsingar um þau um leið og dyravarðarskírteini eru afhent hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

#### **Tillaga 3:**

Í 8. grein reglugerðar um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 585 frá 29. júní 2007 segir um hæfi dyravarða: „Ríkislögreglustjóra er heimilt að kveða á um að enginn skuli gegna dyravörslu nema hann hafi lokið viðurkenndu námskeiði fyrir dyraverði. Ríkislögreglustjóri getur sett nánari reglur um efni slíkra námskeiða og kveðið nánar á um hæfisskilyrði dyravarða“.

Því verði beint til Ríkislögreglustjóra að hann sjái til þess að námskeið séu haldin fyrir dyraverði eftir þörfum og að gerð sé krafa um það að þeir ljúki námskeiði innan raunhæfra tímamarka.

#### **Tillaga 4:**

Atvinnuátakssjóður Reykjavíkurborgar hefur veitt mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar styrk til að ráða starfsmann í fjóra mánuði til að vinna að auknu öryggi á skemmtistöðum og í nágrenni þeirra.

Starfsmanni verði falið að gera úttekt á stöðunum m.t.t. öryggismála. Starfsmaðurinn eigi samvinnu við rekstaraðila um úttektina og skili niðurstöðum hennar til borgarinnar, rekstraraðila og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þeir staðir sem standa sig vel í öryggismálum fái sérstaka viðurkenningu frá Reykjavíkurborg byggt á þessari úttekt og viðbrögðum við ábendingum. Reykjavíkurborg sjái til þess að úttektin sé gerð árlega.

#### **Tillaga 5:**

Í 3. mgr. 8. gr. laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 er eftirfarandi: „Í rekstarleyfi skal koma fram gildistími leyfis, sú starfsemi sem veitt er leyfi fyrir og þau skilyrði sem sett eru fyrir leyfi svo sem um gestafjölda, heimilan afgreiðslutíma, heimild til útveitinga, dyravörslu, hávaða, umgengni, öryggi, þrífnað og annan aðbúnað.“

Byggt á úttekt á stöðunum, sbr. tillögu 4, skoði Reykjavíkurborg hvort rétt sé að beina því til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að til eflingar forvarna gegn ofbeldi sé gerð krafa um öryggismyndavélar þar sem þess reynist þörf. Ef t.d. staðsetning salerna er með þeim hætti að eftirlit starfsfólks er erfitt þá sé gerð krafa um öryggismyndavélar við þau og jafnframt við inngang staðanna.

#### **Tillaga 6:**

Reykjavíkurborg láti útbúa skilti fyrir staði sem eru með öryggismyndavélar þar sem það komi fram á nokkrum tungumálum að þær sé að finna við salerni og útgang. Skiltin verði stöðunum að kostnaðarlausu.

#### **Tillaga 7:**

Því verði beint til Borgarráðs að stofnaður verði samstarfshópur aðila í miðborginni til að tryggja öryggi borgaranna. Hópurinn sé virkur allt árið. Sjá drög að erindisbréfi hópsins í fylgiskjali 1.

#### **Tillaga 8:**

Unnið verði fræðsluefni fyrir starfsmenn hótela og gististaða í Reykjavíkurborg um það hvernig mögulega megi koma í veg fyrir kynferðisofbeldi á þeim stöðum. Einnig verði það kannað hvort bjóða eigi starfsfólki námskeið um það efni.

**Tillaga 9:**

Því sé beint til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að hún vinni að markvissu eftirliti með veitingastöðunum sbr. 21. grein laga um veitingastaði, gististaði og skemmtistaði nr. 85/2007 og skoði hvort árangursríkt sé að gera samkomulag við veitingamenn í anda þess sem gert var hjá Reykjanesbæ. Um fyrirkomulag eftirlitsins sé haft samráð við veitingamenn.

**Tillaga 10:**

Því sé beint til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að hún fari í átak, í samstarfi við veitingastaðina, sem lýtur að því að herða eftirlit með aldurstakmörkunum á þeim. Þeir sem nota fölsuð skírteini eða skírteini eða lánuð verði kallaðir til ábyrgðar vegna þess.

## **Fylgiskjöl**

1. Drög að erindisbréfi fyrir samstarfshóp um örugga miðborg.
2. Ofbeldis- og kynferðisbrot í miðborg. Samantekt lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Upplýsinga og áætlanaeild, 26. apríl 2010.

Drög dags. 28. apríl 2010  
Mannréttindaskrifstofa/HG

## Örugg miðborg

Allra hagur

Drög að verkefnalýsingu fyrir samráðshóp

### Markmið

Verkefnið er liður í að auka öryggi í miðborginni með því að stuðla að reglubundinni samvinnu, umræðu, upplýsingastreymi og sameiginlegu vinnulagi ýmissa aðila sem tengjast miðborginni.

### Hlutverk

Vera samráð- og samstarfsvettvangur ýmissa hagsmunaaðila miðborgarinnar.

### Aðal hagsmunaaðilar

Borgarbúar, borgaryfirvöld, eigendur skemmtistaða/veitingastaða/kráa og lögreglan.

### Ábyrgðaraðili

Borgarstjóri.

### Fulltrúar í framkvæmdahópi

Reykjavíkurborg/mannréttindaskrifstofa/skrifstofa borgarstjóra ath. Höfuðborgarstofu, Framkvæmda- og eignasvið, Þjónustumiðstöð miðborgar  
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu  
Lýðheilsustöð  
Neyðarmóttaka vegna nauðgunarmála  
Íbúasamtök miðborgar  
Samtök ferðaþjónustunnar  
Veitingamenn í miðborg  
Kaupmenn í miðborg

### Helstu verkefni

- ✓ Efla öryggi í miðborginni.
- ✓ Vekja athygli á brýnum úrlausnarefnum.
- ✓ Koma með tillögur að umbótaverkefnum.
- ✓ Fylgjast með þróun mála í miðborginni m.a. með því að greina gögn um ofbeldi og kynferðisafbrot í miðborginni.
- ✓ Afla gagna um leiðir sem hafa verið farnar erlendis til að auka öryggi íbúa í miðborginni.
- ✓ Finna leiðir til að sporna við drykkju á almannafæri.
- ✓ Bæta ímynd borgarinnar með aðgerðum sem leiða til öruggrar og aðlaðandi miðborgar.

### **Starfstími samráðshóps**

Samráðshópnum er ætlað að starfa til frambúðar. Miðað er við að hópurinn komi saman minnst einu sinni í mánuði frá vori fram á haust og annan hvern mánuð yfir vetrarmánuðina. Formaður hópsins kallar hann saman oftast ef þurfa þykir.

### **Efni til hliðsjónar**

Skýrsla starfshóps um öryggismál á skemmtistöðum.

Niðurstöður úr verkefninu „Reykjavík betri miðborg allan sólarhringinn“.

Efni á vefsíðum annarra borga.

Tölfræðiupplýsingar lögreglu.

Tölfræðiupplýsingar Neyðarmóttöku vegna nauðgana.

### **Mögulegir samstarfsaðilar aðrir en þátttakendur í starfshópi**

Byggingafulltrúi borgarinnar

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Dómsmálaráðuneytið

Félag dyravarða/starfsfólk skemmtistaða

Fíkniefnalögreglan

Samband íslenskra sveitarfélaga

Samtök ferðaþjónustunnar

Skrifstofa borgarstjórnar



## Ofbeldis og kynferðisbrot í miðborg

**Fyrirspurn;** frá Svanhvíti Eygló Ingólfssdóttur  
Lögreglufulltrúa

**Spurning;** Málið varðar ofbeldisbrot og kynferðisbrot í miðborg Reykjavíkur og tímasetningu þeirra.


### Aðferð

Hér eru skoðuð kynferðisbrot og ofbeldisbrot sem skráð voru í málaskrá lögreglu. Miðað er við stöðu mála þann 26. apríl 2010. Hafa ber í huga þegar fjallað er um miðborg þá er átt við allt það svæði


sem skilgreint er sem hverfið miðborg hjá lögreglu, það svæði er stærra en hin eiginlega miðborg.

### Fyrirvarar


Ekki eru öll brot tilkynnt til lögreglu og eru kynferðisbrot síst tilkynnt af þeim brotum sem einstaklingar verða fyrir samkvæmt þolendakönnunum. Þar sem um er að ræða tiltölulega fá mál er engan veginn hægt að alhæfa eða kveða sterkt að um þróun mála. Vera má að sú uppsveifla sem fram kemur sé eingöngu tilviljun. Einnig ber að hafa í huga að ekki var farið yfir öll málin sem fjallað er um hér og geta rangar skráningar leitt til skekkju.



Mynd 1. Fjöldi **kynferðisbrota** og **ofbeldisbrota** sem áttu sér stað í **miðborg** miðað við stöðu mála þann 26. apríl ár hvert.




Mynd 2. Fjöldi **kynferðisbrota** og **ofbeldisbrota** sem áttu sér stað í **miðborg** eftir mánuðum 2007 til mars 2010.




Mynd 3. Fjöldi kynferðisbrota og ofbeldisbrota sem áttu sér stað á samkomustöðum í miðborg miðað við stöðu mála þann 26. apríl ár hvert.

Tala 1. Fjöldi kynferðisbrota og ofbeldisbrota á samkomustöðum í miðborg miðað við stöðu mála þann 26. apríl ár hvert.

	2007	2008	2009	2010
<b>Kynferðisbrot</b>	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>1</b>
Kynferðisbrot, blygðunarsemisbrot	0	0	0	0
Kynferðisbrot, misneyting (Andlegir annmarkar, rænuleysi)	1	1	0	0
Kynferðisbrot, nauðgun	1	1	0	1
Kynferðisbrot, varsla á barnaklámi	0	0	0	0
Kynferðisbrot, önnur kynferðisleg áreitni	1	0	1	0
<b>Manndráp og líkamsmeiðingar</b>	<b>41</b>	<b>51</b>	<b>53</b>	<b>33</b>
Lífi eða heilsu annarra stofnað í augljósan háska af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt	0	0	0	0
Líkamsárás (217)	38	46	39	30
Líkamsárás, meiriháttar (218.1)	1	5	10	3
Líkamsárás, stórfelld (218.2)	2	0	4	0
Líkamsmeiðingar af gáleysi	0	0	0	0
Manndráp	0	0	0	0



Mynd 4. Tími kynferðisbrota í miðborg sem tilkynnt voru til lögreglu




Mynd 5. Tími ofbeldisbrota í miðborg sem tilkynnt voru til lögreglu.




## Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Upplýsinga- og áætlunadeild



Mynd 6. Tími kynferðisbrota í miðborg sem tilkynnt voru til lögreglu miðað við stöðu mála 26. apríl ár hvert.



Mynd 7. Tími ofbeldisbrota í miðborg sem tilkynnt voru til lögreglu miðað við stöðu mála 26. apríl ár hvert.